



**Efni: Heimild til að framkvæma annan fasa innleiðingar á nýju starfsumsóknakerfi fyrir Reykjavíkurborg**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja framkvæmd við annan fasa innleiðingar á nýju starfsumsóknakerfi fyrir Reykjavíkurborg. Í kjölfar útboðsferlis var gerður samningur við 50skills árið 2022. Síðan þá hefur innleiðing staðið yfir og nota nú öll svið borgarinnar lausnina. Annar fasi verkefnisins snýr að samþættingu við önnur kerfi borgarinnar og uppfærslu á starfasíðu hennar.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá ágúst 2024 til desember 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 15 m.kr sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



**Greinargerð:**

Verkefnið hefur þrjú meginmarkmið sem miða að því að bæta ráðningaferlið og auka skilvirkni. Fyrsta markmiðið er að innleiða samþættingu við SAP mannauðskerfið til að tryggja skilvirkt flæði ráðningargagna úr 50skills og einfalda stofnun nýrra starfsmanna í þar. Með þessari lausn verður þannig t.d. ekki lengur þörf á að launafulltrúar hlaði niður umsækjendagögnum á tölvurnar sínar, sem mun draga verulega úr handavinnu við úrvinnslu ráðninga og skráningu upplýsinga í SAP. Þetta mun leiða til verulegs tímasparnaðar fyrir þá sem koma að ráðningaferlinu, auka skilvirkni í úrvinnslu, og minnka hættuna á innsláttarvillum og tryggja frekar gagnaöryggi.

Annað markmiðið er að útbúa sjálfvirka tengingu við Hlöðuna þannig að gögn tengd ráðningum flæði þar inn sjálfkrafa. Samþættingin mun tryggja að öll ráðningargögn séu vistuð á réttum stað í Hlöðunni, án þess að starfsfólk þurfi að vista gögn á sínum tölvum. Þetta mun gera ferlið mun skilvirkara og spara tíma fyrir alla sem koma að ráðningaferlinu og sömuleiðis auka gagnaöryggi.

Þriðja markmiðið er að uppfæra starfasiðu Reykjavíkurborgar til að gera hana notendavænni og auðvelda fólki að leita eftir störfum. Með þessari uppfærslu verður leitarferlið þægilegra og aðgengilegra fyrir alla notendur.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 15 m.kr.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON. Verkefnaklassi 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Verkefniúmer: 240700.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þróstur Sigurðsson,  
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur